

Ed.

38. Frumvarp

til viðaukalaga við tolllög nr. 54, 11. júlí 1911.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Auk sekta þeirra, sem ákveðnar eru í 8. gr. tolllaganna frá 11. júlí 1911, skal hver sá kaupmaður, sem uppvís verður að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt eða veitt móttöku, eða gefið ranga yfirlýsing þar að lútandi, eða eigi skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, hafa fyrirgert verslunarleyfi sínu.